

Alþingi
Allsherjar og menntamálanefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 11. maí 2023

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025, 982. mál.

Vestfjarðastofa ritar þessa umsögn fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Vísað er hér í upphafi til ályktunar um 67. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að hausti, haldið september 2022 þar sem segir.

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 8.-10. september 2022 skorar á háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðherra að beita sér fyrir að háskólar landsins bjóði upp á fjölbreytt fjarnám.

Framboð af fjarnámi á háskólastigi er breytilegt milli háskóla og hægt er að gera mun betur í þeim efnum. Einn af lærdómum Covid tímabilsins er sá að hægt er að kenna allflestar kennslugreinar í fjarnámi, með því að bjóða upp á sveigjanlegt nám með staðarlotum.

Stærsti háskóli landsins, Háskóli Íslands er eftirbátur annarra háskóla á landinu þegar kemur að fjarnámi og gera þarf meiri kröfur til skólans hvað þetta varðar.

Þá er jafnframt skorað á ríkisstjórnina að tryggja jöfnuð og uppræta aðstöðumun nemenda. Það er staðreynd að fjarnemar beri meiri kostnað af sínu námi en þeir nemendur sem búa nær sínum skóla, þar sem þeir greiða oft á tíðum fyrir lesaðstöðu og próftöku, sem aftur ýtir undir ójöfnuð. Auk þess sem staðarlotur eru tímafrekar og kostnaðarsamar.

Einnig ber að vísa til ályktunar þingsins er ber yfirskriftina Aflstöðin Vestfirðir¹.

Umsögn.

Framangreind ályktanir snertir nokkrar þær aðgerðir sem settar eru fram í þingsályktuninni um eflingu þekkingarsamfélags.

Aðgerðir sem stuðla að eflingu gagnaflutningakerfis og fjarskiptakerfis og aukið öryggi hafa lengi verið forgangsmál á Vestfjörðum í þeim efnum, að landshlutinn standi jafnt á við uppbyggingu á þessu sviði. Þingsályktunin styður vel við þessi markmið og þess er vænst hún stuðli að auknu fjármagni í áætlanir stjórnvalda er varða þessa innviði.

¹ <https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/67thing/Haust/alyktanir-67.-fjordungsthings-ad-hausti-samthykktar-1-.pdf>

Efling fjarnáms og bætt jafnræði í aðgengi þess fellur að efni ályktunar Fjórðungþings Vestfirðinga. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur hinsvegar að setja verði skýrar fram hvernig standa eigi að eflingu fjarnáms en ekki sem undirlið til að styðja aðrar aðgerðir þingsályktunarinnar. Mun skýrar yrði að setja eflingu fjarnáms sem sjálfstæða aðgerð í eflingu þekkingarsamfélags og fjalla um hvernig aðgerðin styður þá við markmið þingsályktunarinnar og einstaka aðgerðir. Slík bein aðgerð myndi t.d. setja skýrari markmið fyrir háskólana og þá Háskóla Ísland sérstaklega, að efla fjarnám innan sinnar starfsemi s.s. fyrirkomulag kennslu og fjarnámskerfa, stuðning við rannsóknarnema og tæknileg mál.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri